

65.stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands

65.stjórnarfundur Kraftlyftingasamband Íslands var haldinn í A-sal ÍSÍ 18.apríl 2016 og hófst kl 17.00. Mættir voru: Borghildur Erlingsdóttir, Ása Ólafsdóttir, Rósa Birgisdóttir, Róbert Kjaran og Gry Ek. Sigurjón Pétursson var gestur fundarins. Kári Rafn Karlsson og Alex Orrason boðuðu forföll.

Borghildur setti fundinn og bauð nýkjörinni stjórn velkomna. Hún fagnaði Evrópumeistaratitil Júlíans J. K. Johannssonar sl. sunnudag og tóku stjórnarmenn undir. Borghildur þakkaði Sigurjóni, fráfarandi formanni, fyrir að koma og sitja fyrsta fundi með nýrri stjórn, og afhenti honum blómvönd frá stjórninni með þökkum fyrir hans störf fyrir sambandið. Sigurjón þakkaði hlý orð í sinn garð og afhenti nýjum formanni lykla að skrifstofu sambandsins með viðhöfn. Hann færði líka sambandinu notaða tölvu að gjöf, en Róbert fer yfir hana og kemur henni í gagnið.

Svo var gengið til dagskrár.

Þetta gerðist:

- 1. Fundargerðir**
Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
Nokkrar athugasemdir voru gerðar við þinggerð og verða þær lagfærðar.
- 2. Verkaskipting stjórnar**
Stjórnin skipti með sér verkum. Borghildur er formaður. Gry er varaformaður, Rósa er ritari, Alex er gjaldkeri, Róbert er ritstjóri vefsíðu, Kári og Ása eru meðstjórnendur.
- 3. Ráðning starfsmanns.**
Farið var yfir drög að starfslýsingu fyrir starfsmann í hlutastarfi, þau breytt og samþykkt. Ákveðið að ræða við Júlían J. K. Jóhannsson om starfið til 4 mánaða til að byrja með.
Borghildur og Gry fara til fundar við Júlían við fyrsta tækifæri til að ræða málið. Kári og Sigurjón munu koma honum inn í starfið ef af verður.
- 4. Lagabreyting**
Breytingar gerðar á lögum KRA á þingi hafa tekið gildi. Ása upplýsti að hún hefði komið nýjum lögum í hendur ÍSÍ.
- 5. Búningamál**
Sigurjón tók að sér að ganga frá málum við Henson vegna kaupa á landsliðsbúningum. Ákveðið var að selja boli og poloboli KRA upp í kostnað. Rætt um að skoða möguleika á að hanna nýja búninga fyrir sambandið fljótlega.
- 6. Skipan í nefndir**
Lögð voru fram tillögur um skipan í eftirtaldar nefndir og verkefni nefnda. Rætt verður við fólkið og gengið frá skipun í nefndir þegar samþykki liggja fyrir.
Dómaranefnd:
Laganefnd:
Fræðslunefnd:
Mótanefnd:
Aganefnd:
Útbreiðslunefnd:
Fjölmiðlanefnd:

Heiðursmerkjanefnd

Fjáröflunarnefnd:

Landsliðsnefnd:

7. Mót framundan

Farið yfir mótin sem framundan eru.

Ákveðið að kaupa tvo farandbikara KRAFT í klassískum kraftlyftingum kvenna- og karlaflokk. Gry tók það að sér.

EM bekkur – fundað verður með Massa fljótlega til að fara yfir stöðu mála vegna mótsins í ágúst.

8. Ársþing EPF og NPF

Sigurjón verður staddur í Pilzen í maí þar sem þessi þing eru haldin og tók að sér að vera fulltrúi stjórnar á þingunum.

Farið var yfir tillögur sem liggja fyrir. Stjórnin styður tillögurnar sem liggja fyrir þing EPF.

Stjórnin styður þær tillögur sem liggja fyrir þing NPF, nema tillögurnar um að taka upp ný mót og þá hvaða mót. Ekki vannst tími til að ræða það mál til hlítar.

9. Önnur mál

- stjórnin tekur gild úrslit Ingimundar Ingimundarsonar frá Danska meistaramótinu í klassískum kraftlyftingum og verða þau skráð í gagnabanka.

- RIG 2017. Stjórnin samþykkti þátttöku í RIG 2017 með sama sniði og í fyrra. Undirbúningur er hafin í samstarfi við LSÍ.
- Búinn verður til aðgangur að dropbox fyrir stjórnarmenn og netföng á kraft.is

Ekkert fleira gert. Fundi slitið 19.30

Fundarritari Gry Ek